

Breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, Hafnarsvæði.

Suðurrhöfn, Flensborgarhöfn og Hamarshöfn

Umsögn vegna athugasemda sem bárust á auglýsingatíma

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 9.3.2022 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin nær til suður og austur hluta Suðurrhafnar, Flensborgarhafnar og strandlengju meðfram Strandgötu í átt að miðbæ Hafnarfjarðar. Í tillögunni felst að mörkuð er stefna um þéttingu byggðar á svæðinu og breytt landnotkun í samræmi við stefnuna.

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum: Suðurrhöfn H1 verði að hluta til íbúðasvæði ÍB15 og að hluta miðsvæði M6 og M7. Flensborgarhöfn H2 verði breytt í miðsvæði M5. Ný smábátahöfn og 5m strandræma verði H6. Fyrirhuguð breyting var sett fram í greinargerð og á breytingarblaði, þar sem gerð er grein fyrir breyttri landnotkun á aðalskipulagsupprætti.

Breytingartillagan var auglýst tímabilið 16.3 - 27.4.2022. Athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Skipulags- og byggingarráð fól skipulagsfulltrúa að taka saman umsögn vegna framkominna athugasemda.

Nær samhljóða athugasemdir bárust frá 99 aðilum, að megninu til smábátáeigendum, auk þess sem Landssamband smábátáeigenda tekur heilshugar undir þær athugasemdir. Í athugasemdunum kemur fram að smábátáeigendum er ofarlega í huga aðgengi að smábátahöfninni og að þeir telji að auglýst breytingartillaga feli í sér að aðgengi þeirra verði rýrt.

Athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna sem fram komu í 6 liðum voru eftirfarandi:

1. Samkvæmt nýju aðalskipulagi fara bílastæði og gatan Fornubúðir sem liggur í austur, vestur við flotbryggjur í burtu sem má alls ekki gerast.
2. Þegar við erum að vinna í bátunum okkar eða erum að nýta aðkeypta þjónustu skiptir miklu máli að stutt sé í aðgengi bíla og bílastæða og fjöldi bílastæða mæti þörfinni. Bílastæðin við flotbryggjur hafa alveg gleymst í aðalskipulag og eru ekki lengur til staðar. Það gengur ekki.
3. Við þurfum að geta keyrt nálægt flotbryggjum vegna reglubundins eftirlits með bátunum okkar í öllum veðrum, allan ársins hring, annað er hættulegt.
4. Að hægt verði að sinna styttra viðhaldi báta á Skeljungsbyggju við hliðina á rampi.
5. Við Skeljungsbyggjuna hafa sportbátáeigendur geymt bíla með kerrum þegar þeir skreppa á sjó, huga þarf að því líka.
6. Að rampur til sjósetningar báta fái að vera áfram á sínum stað.



HAFNARFJÖRÐUR

Umsögn skipulagsfulltrúa:

Skipulagsyfirvöld þakka smábátæigendum fyrrgreindar ábendingar, sem hafðar verða í huga við gerð deiliskipulags reitsins við Flensborgarhöfn. Í aðalskipulagsbreytingunni er fyrst og fremst sett fram tillaga að breyttri landnotkun reita og mörkuð stefna um byggð, breytingin tekur ekki til aðgengis og umferðarmála. Það verður gert á deiliskipulagsstigi. Þegar vinna við gerð deiliskipulags reitanna sem snúa að smábátahöfninni við Flensborgarhöfn hefst er góðs samráðs við smábátæigendur vænst um fyrrgreindar ábendingar.

f.h. skipulagsfulltrúa

Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur
Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar